

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Skilmálar fyrir frístundabyggðina Flatir úr landi Réttarholts.*

Heimilað er að reisa eitt frístundahús og eitt aukahús á hverri lóð. Byggingarmagn miðist við nýtingarhlutfallið 0,03 en hámarksstærð aukahúss er 40 m<sup>2</sup>. Hámarksænishæð er 6 m frá jörðu nema á húsum með minni þakhalla en 15 gráður en þar er hámarkshæð 4 m. Þakhalli og mænisstefna er frjáls.

Samþykkt í sveitarstjórn þann 7. júní 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 19. desember 2017.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 4. janúar 2018